

## Persónuverndarstefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands (hér eftir sjóðurinn) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða réttindi þeirra. Í stefnu þessari eru veittar upplýsingar um það hvernig sjóðurinn vinnur persónuupplýsingar, í hvaða tilgangi, hversu lengi þær eru varðveittar, miðlun þeirra og hvernig öryggis þeirra er gætt í starfsemi sjóðsins. Rekstri sjóðsins er útvistað til Landsbankans hf. (Rekstraraðili sjóðsins) svo öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram hjá bankanum og fellur þar af leiðandi undir [persónuverndarstefnu Landsbankans](#). Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við persónuverndarlög á hverjum tíma.

Stefna þessi tekur aðeins til einstaklinga en ekki lögaðila. Hugtakið „persónuupplýsingar“ nær til allra upplýsinga sem mögulegt er að tengja tilteknum einstaklingi beint eða óbeint.

### I. Hvaðan fær sjóðurinn persónuupplýsingar og hvernig upplýsingar?

Almengast er að sjóðurinn taki á móti persónuupplýsingum frá sjóðfélaga sjálfum. Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að sjóðurinn geti veitt þjónustu. Upplýsingar sem sjóðurinn vinnur flokkast jafnan sem almennar persónuupplýsingar en í undantekningartilvikum er sjóðnum nauðsynlegt að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar t.d. um þjóðerni og heilsufar. Vinnsla almennra persónuupplýsinga fer einungis fram á grundvelli samnings sjóðfélaga, lagaskyldu, lagaheimildar samþykkis eða lögmætra hagsmuna sjóðsins, sjóðfélaga eða annars þriðja aðila. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga fer einungis fram á grundvelli upplýsts samþykkis sjóðfélaga eða lagaheimildar eða ef uppfyllt eru lagaskilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Helstu upplýsingar sem sjóðurinn vinnur með eru; **Persónu- og samskiptaupplýsingar** eins og nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang, **Fjárhagslegar upplýsingar** vegna lífeyris, svo sem greiðslur til sjóðsins, atvinnuþátttaka og skattframtöl, **Fjölskylduupplýsingar** vegna maka- eða barnalífeyris, um hjúskaparstöðu og fjölda barna og **Heilbrigðisupplýsingar** vegna örorkulífeyris s.s. læknisvottorð.

#### *Persónuupplýsingar sem einstaklingur/sjóðfélagi afhendir*

Þegar einstaklingur óskar eftir þjónustu afhendir hann sjóðnum með *beinum hætti* persónuupplýsingar sem sanna deili á honum, s.s. um nafn, kennitölu, heimilisfang og ríkisfang ásamt samskipta- og tengiliðaupplýsingum. Sjóðurinn skráir og varðveitir samskipti einstaklings/sjóðfélaga í samræmi við lög, stefnu þessa og reglur sjóðsins.

Neiti einstaklingur að afhenda sjóðnum persónuupplýsingar eða andmælir vinnslu þeirra getur það haft áhrif á það hvort eða hvernig sjóðurinn veiti viðkomandi þjónustu.

Einstaklingur lætur jafnframt af hendi persónuupplýsingar með *óbeinum hætti*, t.d. um IP-tölu, hvernig hann auðkennir sig og hvenær hann heimsækir vefsíðu sjóðsins eða netbanka þar sem vefkökur eru notaðar og aðgerðaskráning fer fram. Nánari upplýsingar um vefkökur má lesa á vefsíðu sjóðsins. Upplýsingarnar eru varðveittar í þágu rekjanleika, skjalfestingar og öryggis- og gæðamála.

#### *Persónuupplýsingar sem þriðji aðili afhendir*

Sjóðurinn tekur við persónuupplýsingum frá þriðja aðila, m.a. fyrirtækjum eða stofnunum sem búa yfir persónuupplýsingum um sjóðfélaga, þegar fyrrnefndir aðilar hafa heimild til að afhenda sjóðnum upplýsingarnar. Sjóðurinn fær upplýsingar um sjóðfélaga í þeim tilgangi að tryggja að upplýsingar um hann hjá sjóðnum séu áreiðanlegar og réttar þannig að þær endurspegli rétta stöðu hans hjá sjóðnum.

Sjóðurinn tekur við iðgjöldum á grundvelli laga um lífeyrissjóði en iðgjaldagreiðslur skapa grunn að réttindum sjóðfélaga. Sjóðurinn tekur í einhverjum tilfellum á móti stéttarfélagasiðgjöldum.

Lífeyrissjóðurinn greiðir sjóðfélögum lífeyri í hverjum mánuði og eru greiðslur og vinnslur vegna lífeyrisútreikninga byggðar á lögum um lífeyrissjóði og í einhverjum tilfellum á samþykki sjóðfélaga. Sjóðurinn þarf í einhverjum tilfellum að afla heilbrigðisupplýsinga vegna örorkulífeyris, læknisvottorða og mats frá trúnaðarlækni auk upplýsinga um greiðslur frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum.

## **II. Í hvaða tilgangi eru persónuupplýsingar unnar og með hvaða heimild?**

Sjóðnum er nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að veita sjóðfélaga þjónustu. Persónuupplýsingar eru unnar í skýrum og yfirlýstum tilgangi í samræmi við persónuverndarlög og stefnu þessa og ekki unnar í öðrum og óskyldum tilgangi nema sjóðurinn hafi til þess heimild og sjóðfélagi hafi verið upplýstur um hinn nýja tilgang.

*Vinnsla sem fer fram vegna framkvæmdar samnings*

Þegar sjóðfélagi stofnar til viðskipta við sjóðinn samþykkir sjóðfélagi með samningi við sjóðinn að sjóðurinn vinni persónuupplýsingar um hann í samræmi við viðhlítandi heimild.

*Vinnsla sem fer fram á grundvelli laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla*

Sjóðurinn vinnur jafnframt persónuupplýsingar um sjóðfélaga í þeim tilgangi að sinna lögbundnum verkefnum í starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, dómsúrskurða, stjórnvaldsúrskurða, leiðbeinandi tilmæla á fjármálamarkaði og annarra fyrirmæla stjórnvalda. Sjóðurinn hefur lagaskyldu til að vinna með persónugreinanlegar upplýsingar til að tryggja réttindi sjóðfélaga. Samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir „lög um lífeyrissjóði“) skal sjóðurinn halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldagreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi, svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris.

Stjórnvöld, m.a. Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Embætti héraðssaksóknara og skatta- og tollgæsluyfirvöld, geta óskað eftir tilteknum upplýsingum frá sjóðnum um sjóðfélaga enda sé til þess skýr lagaheimild. Sjóðnum ber skylda til að verða við slíkum upplýsingabeiðnum og eftir atvikum að veita aðgang að starfsstöðvum og upplýsingakerfum sjóðsins.

*Vinnsla sem byggir á lögmætum hagsmunum*

Í ákveðnum tilvikum vinnur sjóðurinn persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna ef vinnslan er nauðsynleg til þess að sjóðurinn, þriðji aðili eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Slík vinnsla fer ekki fram ef ljóst er að grundvallarréttindi og frelsi einstaklings sem krefjast persónuverndar vega þyngra en aðrir hagsmunir af vinnslunni.

Dæmi um vinnslu sem fer fram í þeim tilgangi að gæta lögmætra hagsmuna sjóðsins, einstaklings eða þriðja aðila:

- Að útbúa og senda sjóðfélaga beint markaðssetningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu sjóðsins sem henta honum.
- Að greina og rannsaka mál er varða net- og upplýsingaöryggi og til að koma í veg fyrir fjársvik.
- Að þróa og prófa nýja verkferla, viðskiptaferla og upplýsingakerfi sjóðsins til að bæta öryggi og vöru- og þjónustuframboð sjóðsins.

*Vinnsla sem byggir á samþykki*

Í ákveðnum tilvikum vinnur sjóðurinn persónuupplýsingar um sjóðfélaga á grundvelli samþykkis hans, t.d. með vefkökum á vefsíðum sjóðsins, eins og nánari er lýst í stefnu þessari. Í þeim tilvikum veitir sjóðurinn sjóðfélaga nánari upplýsingar um þá tilteknu vinnslu persónuupplýsinga sem samþykkið nær

til. Ávallt er unnt að draga veitt samþykki til baka og er þá þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á vinnslu persónuupplýsinga fram að afturkölluninni.

Þegar vinnsla grundvallast á samþykki hefur sá sem veitir það heimild til að afturkalla samþykki sitt, að uppfylltum þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins og þá þjónustu sem sjóðurinn veitir.

### *Sjálfvirk ákvarðanataka*

Í ákveðnum tilvikum tekur sjóðurinn sjálfvirka ákvörðun um þjónustu á grundvelli persónusniðs sjóðfélaga sem unnið er upp úr upplýsingum sjóðsins um hann. Sjálfvirk ákvarðanataka fer einungis fram á grundvelli samþykkis sjóðfélaga, ef hún er forsenda þess að unnt sé að gera eða framkvæma samning milli sjóðfélaga og sjóðsins eða ef lög heimila. Sjóðfélagi getur komið á framfæri athugasemdum eða véfengt sjálfvirka ákvörðun hafi hún áhrif á hagsmuni viðkomandi.

Dæmi um slíkt er mat á aldri og tilfærsla milli ávöxtunarleiða vegna aldurs sjóðfélaga.

### **III. Hljóðritun símtala og rafræn vöktun**

Eins og fyrr segir er sjóðurinn í rekstri hjá Landsbankanum hf. og eru starfsstöðvar bankans vaktaðar með rafrænum hætti.

Rafræn vöktun fer fram með eftirlitsmyndavélum á starfsstöðvum. Öll notkun eftirlitsmyndavéla er í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga og reglna settra samkvæmt þeim.

Símtöl milli sjóðfélaga og starfsmanns bankans kunna að vera hljóðrituð í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga eða annarra laga. Hljóðritun símtala fer fram í þeim tilgangi að tryggja öryggi og rekjanleika í viðskiptum. Tilkynt er um hljóðritun við upphaf símtals. Um hljóðritun símtala fer eftir reglum bankans.

### **IV. Afhending persónuupplýsinga til þriðju aðila**

Sjóðurinn selur ekki persónuupplýsingar til þriðju aðila. Sjóðnum kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar til þriðju aðila, t.d. eftirlitsaðila, annarra stjórnvalda, fyrirtækja sem annast greiðslumiðlun eða annarra lögaðila sem sjóðurinn á í viðskipta- eða ráðgjafarsambandi við. Sjóðurinn afhendir ekki persónuupplýsingar nema slík miðlun sé heimil samkvæmt lögum.

Vinnsluaðilar, svo sem Landsbankinn, sem vinna persónuupplýsingar á vegum sjóðsins, kunna einnig að fá afhentar persónuupplýsingar vegna framkvæmdar tiltekinnar vinnslu fyrir hönd sjóðsins. Einungis er leitað til vinnsluaðila sem geta veitt nægilegar tryggingar fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga og réttindi sjóðfélaga uppfylli þær kröfur sem persónuverndarlög gera.

### **V. Varðveislutími persónuupplýsinga**

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband sjóðfélaga og sjóðsins er í gildi, eins lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir og reglur sjóðsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til.

Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna sjóðsins, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur sjóðsins.

Sjóðurinn leitast við að varðveita ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er. Af framangreindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

## VI. Réttindi einstaklinga

Persónuverndarlög kveða á um réttindi einstaklinga, m.a. til fræðslu og upplýsinga um hvernig persónuupplýsingar eru unnar. Nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sanna á sér deili þegar þeir óska eftir að neyta réttinda sinna. Eftirtalin réttindi geta verið háð takmörkunum sem leiða m.a. af lögum, hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða eða mikilvægum fjárhags- eða viðskiptahagsmunum sjóðsins, t.d. um viðskiptaleyndarmál eða hugverkaréttindi. Sjóðfélagar geta beint fyrirspurnum um réttindi sín og aðgang að persónuupplýsingum annað hvort á netfangið [personuvernd@landsbankinn.is](mailto:personuvernd@landsbankinn.is) eða á Réttindagátt viðskiptavina Landsbankans á vefsíðunni [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

### *Réttur til þess að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum*

Sjóðfélagi á rétt á staðfestingu frá sjóðnum um það hvort unnið sé með persónuupplýsingar um hann og ef svo er til aðgangs að þeim persónuupplýsingum. Þá á hann jafnframt rétt á upplýsingum um tilgang vinnslu persónuupplýsinga, flokka persónuupplýsinga, viðtakendur þeirra, viðmið um varðveislutíma, réttindi sem hann á, hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatataka og heimild hans til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

### *Réttur til þess að flytja persónuupplýsingar*

Sjóðfélagi á rétt á að fá tiltekna persónuupplýsingar um sig, sem hann hefur sjálfur látið sjóðnum í té, á skipulegu, algengu tölvulesanlegu sniði, og eftir atvikum rétt á að sjóðurinn flytji slíkar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila sem einstaklingur vísar á, ef það er tæknilega framkvæmanlegt. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem sjóðurinn hefur aflað á grundvelli samþykkis sjóðfélaga eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti.

### *Réttur til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga*

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og réttar. Sjóðfélagi sem óskar eftir að koma á framfæri upplýsingum um breytt heimilisfang, dvalarstað, pósthólf eða aðrar persónuupplýsingar er bent á að koma þeim á framfæri við sjóðinn með stillingum í netbanka, með tölvupósti eða í næsta útibúi Landsbankans, rekstraraðila sjóðsins.

Sjóðfélagi á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðrétta. Í ákveðnum tilvikum á hann einnig rétt á að persónuupplýsingum um hann sé eytt.

### *Réttur til að andmæla eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga*

Sjóðfélagi getur ávallt andmælt vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. gerð persónusniðs, sem fer fram í þágu beinnar markaðssetningar og afþakkað kynningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu sjóðsins. Í kjölfar slíkra andmæla mun sjóðurinn hvorki vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi frekar né senda viðkomandi beinan markpóst.

Sjóðfélagi getur einnig andmælt vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna sérstakra aðstæðna er varða hann. Í kjölfar slíkra andmæla mun sjóðurinn ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema lagaskilyrði til þess séu til staðar.

Þá getur sjóðfélagi í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga um hann sé takmörkuð tímabundið, t.d. ef hann telur að persónuupplýsingar sem sjóðurinn vinnur séu ekki réttar, ef hann telur sjóðinn ekki hafa heimild til vinnslunnar eða að sjóðurinn þurfi ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda.

### *Tímamörk afgreiðslu og gjaldtaka*

Sjóðurinn verður almennt við beiðnum er varða ofangreind réttindi sjóðfélaga þeim að kostnaðarlausu. Engu að síður áskilur sjóðurinn sér rétt til þess að innheimta gjald í samræmi við kostnað ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Þá áskilur sjóðurinn sér rétt til að neita að verða við beiðni sem er augljóslega tilefnislaus eða óhófleg.

### **VII. Öryggi og eftirlit**

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í samráði við Landsbankann sem vinnsluaðila. Bankinn hefur innleitt skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir í samræmi við Öryggisstefnu bankans og upplýsingaöryggisstaðal ÍST ISO/IEC 27001:2013 sem er grundvöllur skipulags- og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um trúnað, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.

Þagnarskylda hvílir samkvæmt lögum á öllum starfsmönnum Landsbankans, og öðrum sem koma að vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd sjóðsins, um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- og einkamálefni sjóðfélaga og annarra sem sjóðurinn eða bankinn vinna persónuupplýsingar um.

Komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Persónuvernd og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.

### **VIII. Samskipti við sjóðinn og við Persónuvernd**

Lífeyrissjóður tannlækna, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, kt. 430269-1519, ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi sjóðsins og telst því ábyrgðaraðili að vinnslunni samkvæmt lögum um persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi sjóðsins hefur eftirlit með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi sjóðsins. Fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum sem varða persónuupplýsingar og persónuvernd er unnt að beina á netfangið [personuvernd@landsbankinn.is](mailto:personuvernd@landsbankinn.is) eða með því að senda bréfaþóst til: Persónuverndarfulltrúi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Ísland.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar með því að senda tölvupóst á netfangið: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is) eða með því að senda bréfaþóst til: Persónuvernd, Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, Ísland.

### **IX. Breytingar á Persónuverndarstefnu Lífeyrissjóðs tannlækna**

Sjóðurinn er ávallt að leita leiða til að auka öryggi í viðskiptum, bæta og þróa vöru- og þjónustuframboð sitt og kann Persónuverndarstefnan að taka breytingum af þeim sökum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu uppfærðrar stefnu á vefsíðu sjóðsins,

<https://www.landsbankinn.is/einstaklingar/lifeyrissparnadur/tannlaeknafelagislands/>

